

Að fórna meiri hagsmunum fyrir minni

Eftir Karl G. Kristinsson

Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur. Íslendingar njóta þess að vera með lægsta hlutfall sýklalyfjaónæmis í Evrópu og hafa þess vegna ekki kynnst því hversu alvarlegar afleiðingar sýklalyfjaónæmis geta verið. Hinn 5. nóvember birtist grein í Lancet Infectious Diseases um sjúkdómsbyrði af völdum helstu sýklalyfjaónæmu bakteríanna í Evrópu. Niðurstöðurnar sýndu að árið 2015 mátti kenna sýklalyfjaónæmi um 33.110 dauðsföll og 874.541 glötuð góð æviár (disability adjusted life years, DALY). Þetta samsvarar 6,44 dauðsföllum og 170 glötuðum góðum æviárum að jafnaði á 100.000 íbúa á ESB/EES-svæðinu. Ísland kemur lang best út í þessum samanburði með 0,3 dauðsföll og 5,2 glötuð góð æviár á 100.000 íbúa (sjá mynd). Sýklalyfjaónæmi fer alls staðar vaxandi og fjöldi þeirra sem sýkist af völdum sýklalyfjaónæmra baktería í Evrópu hefur meira en tvöfaldast frá árinu 2007. Ef við náum meðaltali Evrópu á næstu árum jafngildir það 22 dauðsföllum og 487 glötuðum góðum æviárum á ári á Íslandi.

Í skýrslu ritstýrðri af Jim O'Neil fyrir bresku ríkisstjórnina 2016 kom fram að ef ekkert væri aðhafist til að hefta frekari útbreiðslu sýklalyfjaónæmis, þá myndu 10.000.000 deyja árlega af völdum sýklalyfjaónæmis í heiminum eða fleiri en deyjja í dag af völdum krabbameins. Kostnaður heilbrigðiskerfa vegna þessa fram til ársins 2050 var áætlaður um 100 billjónir bandaríkjadala (12.300 billjónir (milljón milljónir) íslenskra króna). Mikilvægt er að sporna við þessari þróun til að vernda líf heilsu og fjármuni. Þar sem nýir sýklalyfjaflokkar eru ekki væntanlegir á markað er ekki annað til ráða en að reyna að hægja á þróuninni eins og hægt er.

Vegna landfræðilegrar einangrunar eru Íslendingar í einstakri aðstöðu til að hægja á þróuninni. Litlar líkur eru á því að nær-alónæmar bakteríur verði til hér á landi, en slíkar bakteríur berast í auknum mæli til landsins með ferðamönnum og matvælum frá löndum þar sem slíkar bakteríur eru útbreiddar.

Ferðamenn

Rannsóknir sýna að ferðamenn, sem fara til landa þar sem sýkla-

lyfjaónæmi er útbreitt (t.d. Indland, Kína, Suðaustur-Asía, löndin fyrir botni Miðjarðarhafsins og lönd Norður-Afríku), eru líklegir til að smitast af bakteríum sem eru ónæmar fyrir mjög mörgum sýklalyfjum. Þessar bakteríur taka sér þá bólfestu í líkamanum, og geta dvalið þar (t.d. í þörmunum) í vikur og mánuði, án þess að viðkomandi verði þeirra var nema þær valdi sýkingum. Heilbriggt fólk sýkist sjaldnast, heldur einstaklingar sem eru veikburða og/öð með skertar varnir. Þessar bakteríur geta smitað einstaklinga sem eru á sama heimili eða á sjúkrahúsum. Á sjúkrahúsum er reynt að koma í veg fyrir dreifingu þeirra með því að taka ræktanir frá öllum sem leggjast inn og koma frá löndum utan Evrópu og Bandaríkja-anna, til þess að leita að fjölonæmum bakteríum. Þeir sem bera slíkar bakteríur fara þá í einangrun. Utan sjúkrahúsa er mikilvægt að salernis- og hreinlætisáðstæður á fjölsóttum ferðamannastöðum séu fullnægjandi, til að minnka líkur á því að sýklalyfjaónæmar bakteríur berist út í umhverfið frá erlendum ferðamönnum.

Matvæli

Í fjölmörgum löndum er meira notað af sýklalyfjum í landbúnaði en mönnum, t.d. Bandaríkjunum þar sem 80% þeirra eru notuð í landbúnaði. Sum þessara sýklalyfja brotna lítið og/öð hægt niður og safnast fyrir í umhverfinu. Þessi notkun endurspeglast svo í sýklalyfjaónæmum bakteríum í dýrum, matvælum og umhverfi. Á Íslandi og í Noregi er minnst notað af sýklalyfjum í landbúnaði í Evrópu og er munurinn á notkuninni milli landa gríðarlega mikill (4,7 mg/PCU á Íslandi, en t.d. 453,4 og 362,5 mg/PCU á Kypur og Spáni, European Medicines Agency, 2018). Sýklalyfjaónæmar bakteríur geta borist til Íslands með kjöti og grænmeti sem er flutt til landsins frá löndum þar sem sýklalyfjanotkun er mikil í landbúnaði og sýklalyfjaónæmi útbreitt í dýrum og umhverfi. Þar sem kjúklingar mengast mikið af iðrabakteríum við slátrun eins og t.d. E. coli-bakteríunni, þá geta kjúklingaafurðir verið mjög mengaðar af slíkum bakteríum. Í nýjustu skýrslu European Food Safety Authority um sýklalyfjaónæmi í dýrum, þá var Ísland eina landið af 30 löndum í

Sjúkdómsbyrði af völdum sýklalyfjaónæmra baktería mæld í glötuðum góðum æviárum*

Fjöldi tiðfella (míðgildi)		Dauðsföll (míðgildi)		Land		ES- og EES-lönd árið 2015	
						Sjúkdómsbyrði (glötuð góð æviár á hverja 100.000 íbúa)*	
201.584	10.762	Ítalía				449,3	
18.472	1.626	Grikkland				427,7	
25.077	1.470	Rúmenía				256,5	
24.021	1.158	Portúgal				242,1	
1.192	66	Kýpur				232,6	
124.806	5.543	Frakkland				221,2	
7.622	379	Slóvakía				217,3	
41.069	2.218	Pólland				186,6	
4.347	240	Króatía				182,8	
671.689	33.110	ES / EES				170,4	
10.271	543	Ungverjaland				160,8	
5.374	280	Búlgaría				155,5	
608	29	Malta				145,4	
4.893	219	Írland				118,3	
2.280	96	Slóvenía				117,6	
10.438	486	Tékkland				109,0	
12.892	530	Belgía				107,7	
41.345	1.899	Spánn				105,3	
52.971	2.172	Bretland				80,0	
6.634	276	Austurríki				77,5	
847	44	Lettland				76,5	
1.828	90	Litháen				74,9	
487	19	Lúxemborg				71,0	
54.509	2.363	Þýskaland				64,4	
3.351	124	Danmörk				52,5	
4.571	167	Svíþjóð				45,0	
2.524	90	Finnland				42,2	
1.882	69	Noregur				33,2	
4.982	206	Holland				29,1	
365	15	Eistland				28,0	
27	1	Ísland				5,2	

*Disability adjusted life years (DALY).
Heimild: Cassini A, et al., Attributable deaths and disability-adjusted life-years caused by infections with antibiotic-resistant bacteria in the EU and the European Economic Area in 2015: a population-level modelling analysis. Lancet Infect Dis, Nov 2018.

Evrópu þar sem ekki fundust fjölonæmar E. coli-bakteríur í kjúklingum (EFSA Journal 2018;16:5182). Munurinn á milli landa var mjög mikill og skera Norðurlöndin sig nokkuð frá öðrum löndum Evrópu (ónæmi fyrir allt að níu sýklalyfjum fannst í Kypur, Póllandi og Portúgal). Mikilvægt er að takmarka eins og hægt er innflutning á óhita-meðhöndluðum landbúnaðarafurðum (sérstaklega kjúklingum) frá löndum þar sem sýklalyfjaónæmar bakteríur eru útbreiddar. Almennir þarf jafnframt að vera vel upplýstur um ástæður þess.

Ætla má að takmarkanir á innflutningi landbúnaðarafurða til landsins eigi þátt í því að á Íslandi er lægsta ónæmishlutfall þarmabaktería í Evrópu. Nýlega hefur inn-

flutningur verið að aukast með rýmri tollareglum. Dómur EFTA dómstólsins um að við megu ekki takmarka innflutning ferskra kjötvara, og staðfesting Hæstaréttar Íslands, gæti leitt til þess að heimilað yrði að flytja inn ferskar kjötvörur. Innflutningur á ódýru fersku kjöti mun væntanlega stóruka innflutning á kjötvörum frá Evrópu, og gæti komið frá löndum þar sem sýklalyfjaónæmi er mjög útbreitt. Ef Alþingi breytir íslenskri reglugerð til samræmis við þessa dóma án frekari takmarkana, mun það leiða af sér hraðari útbreiðslu fjölonæmra baktería í landinu.

Ákveðnir aðilar berjast fyrir því að fá reglunum breytt sem fyrst, væntanlega vegna viðskiptahagsmuna. Því miður hefur lýðheilsa og dýraheilsa iðulega vikið fyrir við-

» Ef Alþingi breytir íslenskri reglugerð til samræmis við þessa dóma án frekari takmarkana mun það leiða af sér hraðari útbreiðslu fjölonæmra baktería í landinu.

skiptahagsmunum. Viljum við að það verði í þessu hagsmunamáli? Neytendur myndu njóta góðs af ódýrara kjöti og mögulega meira vörurvali. En, þar værum við að fórna meiri hagsmunum fyrir minni. Hraðari aukning á sýklalyfjaónæmi fjölga dauðsföllum og glötuðum góðum æviárum vegna sýkinga af völdum sýklalyfjaónæmra baktería og auka kostnað við heilbrigðis- og velferðarmál. Einangrun íslensks búfjár þýðir að fjöldi smitsjúkdóma í íslensku búfé er margfalt minni en á meginlandi Evrópu. Ferskt kjöt gæti borið með sér nýja sýkla í íslenskt búfé með ófyrirsjáanlegum og óafturkræfum afleiðingum fyrir íslenskt búfé, bændur og landsmenn alla. Minnkandi eftirspurn eftir íslenskum landbúnaðarafurðum leiðir af sér færri störf í landbúnaði og færri býli í rekstri. Með því minnkar fæðuöryggi Íslendinga, t.d. ef landið einangrast vegna náttúruhamfara eða styrjalda. Aukinn innflutningur eykur kolefnisspor Íslendinga, andstætt innlendri framleiðslu með náttúrulegum auðlindum. Hvaða hagsmunir veiga þyngja? Við höfum val. Ríkisstjórn Íslands getur sent sendinefnd til Brussel til að semja um frest á breytingum á íslenskri löggjöf á meðan aflað verður sönnunargagna á sérstöðu Íslands. Þau gögn voru ekki fyrir hendi þegar málið var rekið fyrir EFTA-dómstólum á sínum tíma, en stöðugt bætist við slíkar upplýsingar. Það mætti jafnframt óska eftir aðstoð EFSA við að afla gagna sem væru fullnægjandi til þess að fá málid endurupptekið fyrir EFTA-dómstólum. Enda segir í 13. grein laga um Evrópska efnahagssvæðið: Ákvæði 11. og 12. gr. koma ekki í veg fyrir að leggja megi á innflutning, útflutning eða umflutning vara bönn eða höft sem réttlæst af almennum siðferði, allsherjarreglu, almannaöryggi, vernd lífs og heilsu manna eða dýra ... Þetta hagsmunamál snýst einmitt um vernd lífs og heilsu manna og dýra.

Höfundur er prófessor í sýklafræði.